

Stjórnun viðburða

Gátlisti 1

Minnisatriði

- Við undirbúning skal hafa letur stórt og ekki of margar skyggnur.
- Fyrirlesari sendir skyggnur til umsjónarmanns eigi síðar en sólahring fyrir fund.
- Sá sem ber ábyrgð á fundinum fær staðfestingu á því að fyrirlesari mæti.
- Gæta að því að nauðsynleg tækni sé fyrir hendi á fundarstað.
- Merkja fundarstað og tryggja að skiptiborð/anddyri viti af fundinum.

Upphaf fundar:

- Fund skal hefja á auglýstum tíma og halda tímamörk.
- Formaður eða staðgengill býður alla velkomna á fundinn og les kynningu á Stjórnvísir og stjórnar fundi.

Kynning á Stjórnvísir

- **Stjórnvísir** er stærsta stjórnunarfélag á Íslandi með yfir 1.000 virka félagsmenn og mjög öflugt tengslanet.
- **Stjórnvísir** er opið öllum einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem hafa áhuga á stjórnun; eins og stjórnendum, sérfræðingum, nemendum og öðrum áhugamönnum um stjórnun.
- **Stjórnvísir** býður hagstæðustu símenntunina um stjórnun á markaðnum.
- **Stjórnvísir** er með kjarnastarf sitt í kraftmiklum faghópum félagsmanna en jafnframt stendur félagið fyrir almennum ráðstefnum, viðburðum og verðlaunum um stjórnun.
- **Stjórnvísir** er áhugamannafélag í eigu félagsmanna og starfar ekki með fjárhagslegan ágóða í huga.

Helsta auðlind Stjórnvísir

Faghóparnir og hinir virku yfir 1.000 félagsmenn sem koma frá yfir 200 fyrirtækjum og stofnunum eru helsta auðlind Stjórnvísir. Faghóparnir og stjórn Stjórnvísir standa árlega fyrir yfir 60 viðburðum.

- Formaður kynnir stuttlega markmið faghóps og stjórnendur faghópsins.
- Fyrirtæki / sá sem hýsir fundinn kynntur.
Kynning á fyrirlesara - ekki CV heldur staðfesting á því að viðkomandi hafi þekkingu á efninu.

Fyrirlestur

- Mikilvægt er að fyrirlesari haldi sig við það efni sem auglýst var, halda tímamörk og hafi pláss fyrir umræður í lokin.
- Við umræður og eða spurningar ber mönnum að segja til nafns og fyrirtækis.

Lok fundar

- Formaður eða staðgengill þakkar fyrirlesara þakka fyrir hýsingu fundar og veitingar ef við á
- Þakkar mætingu og kynnir næsta fund, efni, dagsetningu og staðsetningu.

Tilvísanir:

Ritstjórn:

Erla Konný Óskarsdóttir, ráðgjafi FOCAL
Guðmundur Pétursson, gæðastjóri Landsvirkjunar
Gunnhildur Arnardóttir, framkvæmdastjóri Stjórnvísir
Margrét Reynisdóttir, stjórnarformaður Stjórnvísir